

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 25. TBL.

12. MARS 2010

200. fundur fræðsluráðs Hafnarfjarðar haldinn

Fræðsluráð Hafnarfjarðar hélt sinn 200. fund mánudaginn 1. mars sl. Jafnframt tók þá nýr formaður til starfa í ráðinu, Eyjólfur Sæmundsson (S) þar sem fráfarandi formaður lét af störfum sem bæjarfulltrúi í lok febrúar.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur yfirumsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu (námsfloknum) hjá bænum. Með ráðinu starfar fræðslustjóri,

Magnús Baldursson. Aðalmenn í ráðinu núna eru Eyjólfur Sæmundsson (S), Guðni Kjartansson (S), Hafrún Dóra Júlíusdóttir (S), Helga Ragnheiður Stefánsdóttir (D) og Gestur Svavarsson (VG).

Fræðsluráð tók til starfa árið 2002 af skólanefnd Hafnarfjarðar og hefur því starfað í tæp 8 ár. Á þeim tíma hafa verið formenn Hafrún Dóra Júlíusdóttir (2002-2006) og Ellý Erlingsdóttir (2006-2010) þar sem Eyjólfur verður þriðji formaðurinn á þessum tíma.

Á 200. fundi fræðsluráðs voru venjubundin verkefni á dagskrá fundarins. Utan þess var fráfarandi formanni þökk-uð góð störf og nýr formaður boðinn velkominn til starfa. Sjá einnig baklið blaðsins um málefni grunnskóla sem rædd voru á fundinum.

Fræðsluráð og starfsmaður ráðsins á 200. fundi þess.



200. fundur fræðsluráðs. Við borðið sitja f.v.: Lóa Björk Hallsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks í leikskólum, Martha Richart áheyrnarfulltrúi foreldra leikskóla, H. Erla Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi skólalastjóra grunnskóla, Helena Mjöll Jóhannsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskóla (í forföllum Árna Mathiesen), Helga Ragnheiður Stefánsdóttir (D), Gestur Svavarsson (VG), Eyjólfur Sæmundsson (S), Magnús Baldursson fræðslustjóri, Hafrún Dóra Júlíusdóttir (S), Valgeir Þ. Sigurðsson (S) (í forföllum Guðna Kjartanssonar), Sigurborg Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi Skólaskrifstofu, Jóna Karólína Karlsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum og Inga Friða Tryggvadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólalastjóra. Til hliðar er Guðrún Guðmundsdóttir, ritari fræðsluráðs. Á myndina vantar Vigfús Hallgrímsson áheyrnarfulltrúa Skólaskrifstofu sem tók myndina.



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 1. mars
200. fundur:

- Tilkynnt um nýjan formann fræðsluráðs sem tók til starfa í byrjun fundarins, Eyjólf Sæmundsson (S). Hann var boðinn velkominn til starfa og fráfarandi formanni voru þökkuð góð störf.
- Lögð fram skóladagatöl grunnskólanna í bænum fyrir næsta skólaár. Samþykkt en þó með þeim fyrirvara að skólaráð þeirra samþykktu þau en það vantaði staðfestingu á slíku frá sumum skólum.
- Samþykkt að veita Kór Lækjarskóla kr. 100.000 í styrk vegna kórferðar til útlanda í vor.
- Kynnt samantekt um þróun nemendafjölda í grunnskólunum frá 2005-2015 í ljósi núverandi íbúafjölda í Hafnarfirði.
- Gerð grein fyrir stöðu á starfi vinnuhóps um skoðun á skólafyrirkomulagi í Norðurbænum.

Tilkynning vikunnar

Minnt er á Gaflarakaffið, íbúafing Hafnarfjarðar í Lækjarskóla á morgun kl. 13-16. Þar gefst bæjarbúum tækifæri til að koma á framfæri skoðunum sínum um skipulagsmál (í viðum skilningi) á framfæri við bæjaryfirvöld. Fræðsla, umræður og skoðanaskipti. Allir velkomnir.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
19. mars 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Minnt er á lokahátíð **Stóru upplestrarkeppninar** sem verður haldin þriðjudaginn 23. mars kl. 17 í Hafnarborg. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

» Frá **Námshagstofnun**:

Frá Róm til Þingvalla er ný bók í sögu og er einkum ætluð fyrir miðstigi grunnskóla. Áhersla í bókinni er annars vegar á sögu fornaldar, einkum Rómaveldi og upphaf kristni, og hins vegar á fyrstu aldir Íslandsbyggðar eða frá landnámi og fram yfir kristnitöku. Það koma fljótlega kennsluleiðbeiningar og verkefni við bókina.

Æsir á fljúgandi ferð er síðasta bókin af þremur um æsi, en út voru að koma kennsluhugmyndir og verkefni með bókinni. Vefslóð á efnið http://www.nams.is/aesir_a_fljugandi/index.html.

Fræðsluheftið **CO₂ - Framtíðin í okkar höndum** er komið út. Þetta er þemahefti sem fjallar um loftslagsbreytingar á jörðinni frá ýmsum sjónarhornum og reynt er að varpa ljósi á flókin ferli sem eiga sér stað í náttúrunni. Leitast er við að svara áleitnum spurningum en jafnframt að vekja áhuga nemenda á nýjum viðfangsefnum. Námsefnið er hluti námsefnis um loftslagsbreytingar sem búið var til í samvinnu Námsgagnastofnunar og umhverfisráðuneytisins. Á vef Námsgagnastofnunar er vefsíðan [Loftslagsbreytingar á jörðinni](#) tengd efni þar sem kennsluleiðbeiningar með bókinni koma fljótlega.



er:

Barnakóramót Hafnarfjarðar 20. mars

Laugardaginn 20. mars verður árlegt Barnakóramót Hafnarfjarðar haldið í Víðistaðakirkju. Þar munu koma fram 14 barnakórar frá grunnskólunum og söfnuðum í Hafnarfirði á tvískiptum tónleikum. Hver kór mun vera með stutta dagskrá auk þess sem kórnir í hvorum tónleikahlutanum munu syngja saman nokkur lög. Fyrri tónleikarnir eru kl. 14 með yngri kórfélögum og kl. 17 með þeim eldri. Dagskráin verður sem hér segir:

Kl. 14 syngja yngri kórfélaga:

- Barnakór Hafnarfjarðar.
- Kór Hvaleyarskóla.
- Stúlknakór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði.
- Kór Lækjarskóla:
 - Litli kór og Mið kór
- Kór Setbergsskóla.
- Kór Áslandsskóla.
- Kór Öldutúnsskóla:
 - Karlakór, Stúlknakór og Litli kór.



Skólaþróun

Kl. 17 syngja eldri kórfélaga:

- Kór Öldutúnsskóla.
- Kór Áslandsskóla.
- Kór Hafnarfjarðarkirkju.
- Kór Lækjarskóla.

Frítt er inn á tónleikana og eru þeir öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.



Námshagstofnun í næstu viku



Námshagstofnun

Mánudagur 15. mars:

- Námshagstofnun 204, **Kynning á TEACCH – skipulögðum vinnubrögðum í kennslu einhverfra og nemenda á einhverfurófi**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Seinni tími.

Miðvikudagur 17. mars:

- Námshagstofnun 504, **Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Annar tími.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/

FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU HAFNARFJARÐAR: SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLA